

Birkiskógurinn á Skeiðarársandi

Þeir sem eiga leið um Skeiðarársand geta allir orðið vitni að miklum breytingum á náttúrunni. Mest áberandi eru birkitrén sem mynda nú samfellda breiðu um miðbik sandsins. Í FAS viljum við gjarnan að nemendur verði meðvitaðir um umhverfi sitt og kynnist um leið vísindalegum vinnubrögðum. Fimmtudaginn 27. ágúst síðastliðinn fóru þrettán nemendur í FAS sem allir stunda nám í áfanganum „Inngangur að náttúruvísindum“ í sína árlegu rannsóknarferð á Skeiðarársand. Skólinn á þar fimm 25 m² gróðurreiti og frá árinu 2009 hefur verið farið með nemendahópa á sandinn til að fylgjast með framvindu gróðursins. Veður var eindæma gott; logn, sól og hiti 11 gráður.

Í ferðinni fá allir nemendur hlutverk við athuganir og skráningu á náttúrunni. Meðal þess sem er skoðað er gróður innan hvers reits, hæð trjáa og ársvöxtur. Þá er horft eftir ummerkjum um beit og ágang skordýra.

Við höfum oft séð meiri breytingar á vexti trjáanna á milli ára. Mörg tré stækka lítið en innan hvers reits má þó finna plöntur sem hækka jafnt og þétt og eru einnig farnar að mynda rekla.

Þegar farið er á milli reitanna má sjá mörg tré sem eru hærra en þau sem eru innan reita FAS. Í nokkur ár hefur verið fylgst sérstaklega með tveimur trjám. Annað er staðsett ofan í jökulkeri og hefur einhvern tímann brotnað að hluta. Það er greinilegt að skemmdin hamlar vexti því það tré hækkar lítið á milli ára og mælist alltaf rétt yfir 3,30 m. Hitt staka tré sem er mælt vex ágætlega og er hæð þess nú 3,53 metrar og hefur hækkar um tæpa 30 cm á síðustu tveimur árum.

Eftir ferðina vinna nemendur skýrslu. Vinnan felst m.a. í því að skoða tölulegar upplýsingar á milli ára og velta fyrir sér líklegum skýringum á breytingum. Líkt og fyrri ár verða niðurstöður ferðarinnar birtar á <http://nattura.fas.is/>

En í þessari ferð var ekki bara fylgst með gróðurreitunum. Vegna COVID-19 hefur þurft að breyta frá upphaflegu skipulagi í skólanum. Það varðar ekki hvað síst erlent samstarf þar sem við bæði fáum gesti eða sendum nemendur okkar erlendis. Á þessari önn verður ekkert um slíkar ferðir en verkefni þurfa engu að síður að halda áfram. Í ferð okkar í síðustu viku var prófað að „streyma“ frá því sem var gert og það gekk ágætlega. Þessi tilraun var því ágætis undirbúningar fyrir samstarfsverkefni á milli Finnlands, Noregs og Íslands sem er nýfarið af stað. Þá er ráðgert að nýta þessa tækni til að ljúka ADVENT verkefni sem hefur staðið yfir í þrjú ár.

Þá komu til okkar á sandinn tókufólk frá kvikmyndafyrirtæki sem er að vinna að heimildamynd um birki. Þau fengu að fylgjast með vinnunni á sandinum. Sá þáttur verður sýndur á RUV í fyllingu tímans.

Eyjólfur Guðmundsson
Hjördís Skírnisdóttir
Kristín Hermannsdóttir

Mynd 1. Hópurinn sem fór á sandinn 2020.

Mynd 2. Hæsta tréð sem FAS mælir er nú 3,53 metrar.